

**Kostnaðaráætlun við þyngdarmælingar á  
Reykjanesi**

**Hjálmar Eysteinnsson**



## Kostnaðaráætlun við Þyngdarmælingar á Reykjanesi 1997

Á meðfylgjandi mynd er sýnt fastpunktanet á Reykjanesi þar sem áætlað er að þyngdarmæla sumarið 1997. Samtals eru þetta 182 punktar. Að auki er áætlað að nýir punktar komi meðfram nýja veginum milli Eldvarpa og Sýrfells er komi í stað eldri punkta sem staðsettir eru talsvert vestan vegarins. Samtals er gert ráð fyrir 10 nýjum punktum á þessari leið. Nauðsynlegt er að mæla bæði nýju punktanna og þá eldri á þessari leið að þessu sinni. Með tilliti til væntanlegrar frekari varmavinnslu yst á Reykjanesi er gert ráð fyrir að bætt verði við mælipunktum meðfram veginum frá Saltverksmiðjunni, um Hafnir og hringnum lokað í punkti 7069 norðan við Súlur. Þetta er um 20 km leið og ef gert er ráð fyrir punkti/km, bætast við 20 mælipuntar. Samtals er því gert ráð fyrir að mælt verði í 212 fastmerkjum.

Miðað við að hver punktur sé tvímældur (fram og aftur) auk mælingar í svæðisbundum viðmiðunarpunkti er gert ráð fyrir að mældir séu 13 punktar á dag, miðað við 14 klst vinnudag. Mælingarnar taka því 16 daga. Auk þess þarf að tengja nokkra svæðisbundna viðmiðunarpunkta á Reykjanesi, við þekkta þyngd í landsnestpunkti sem staðsettur er á Skólavörðuholti í Reykjavík. Gert er ráð fyrir þrem tengiferðum og einni tengingu á dag. Samtals er því gert ráð fyrir 19 mælidögum.

Kostnaðaráætlun er samkvæmt gjaldskrá Orkustofnunar 1/6/1996. Virðisaukaskattur er ekki innifalinn.

Mælingar 19 daga 14 kls/dag .....	3.124 kr/klst .....	830.984
Fæðispeningar í 19 daga .....	3.850 kr/dag .....	73.150
Bíll í 19 daga.....	7.942 kr/dag.....	150.898
Þyngdarmælir í 19 daga .....	11.950 kr/dag.....	227.050
GPS-leiðsögutæki í 19 daga .....	1.515 kr/dag.....	28.785
Úrvinnsla og skýrslugerð 120 klst.....	3.124 kr/klst .....	374.880
		Samtals kr. 1685.747

